



## Nágrennavarsla snýst um hugsunarhátt, ábyrgð og samkennd

Nágrennavarsla er ekki löggæsluhlutverk. Hlutverk íbúa er að taka eftir grunsamlegri hegðun, skrá bíl og annað sem íbúi telur að geti gagnast lögreglu. Grunsamleg atvik skulu tilkynnt **tafarlaust** til lögreglu í síma **112**.

### Nokkur góð ráð

#### Forvarnir eigin heimilis

- Loka vel gluggum og útihurðum
- Ekki geyma stiga eða verkfæri á lóðinni
- Hafa útiljósinn kveikt, sérstaklega í skammdeginu
- Hafa svala- og garðhurðir læstar og með krækjum
- Skipta um skrá þegar flutt er í nýtt húsnæði
- Læsa þegar dvalið er í garðinum



#### Aðstoð við nágranna

#### Íbúi lítur eftir heimili nágrannans sé þess óskað

Munið að ákjósanlegt er að sá sem er beðinn um að gæta húss hafi það í sjónlínu frá t.d. gluggum og útidyrum. Látið þann vita sem lítur eftir húsinu ef ættingi eða vinur hefur verið beðinn um að líta inn af og til og fer þar með inn í húsið.

#### Nokkur dæmi um það sem góður granni getur gert:

- Hefur auga með grunsamlegum bíla- og mannaferðum.
- Fylgist er með að póstur safnist ekki upp í bréfalúgu.
- Setur sorp í ruslatunnu nágrannans.
- Leggur bíl í heimreið.
- Dregur frá/fyrir gluggatjöld.
- Kveikir og slekkur ljós.
- Slær blettinn/mokar snjó ef fjarvera er langvarandi.



Lögreglan sími: 112

Þjónustuver Garðabæjar s. 525-8500